Reglugjörð

54
12. apríl.

um hundalækningar í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Hreppsnefndir skulu annast um lækning hunda af bandormum.

2. gr.

Hunda skal lækna á tímabilinu frá 15. nóvbr. til 20. desbr. ár hvert. Skulu þá hreppsbændur skyldir að færa hunda sína á þá staði, er áður hefir auglýst verið að lækning skuli fara fram á. Kostnaður við hundalækningar greiðist úr sveitarsjóði.

3. gr.

Hundum skal gefið inn ormdrepandi meðal, er sýslunefnd sjer um að jafnan sje til staðar. Bændur eða eigendur hundanna eru skyldir að aðstoða lækningamann við inngjöfina.

4. gr.

Valdi forföll að hundur kemur eigi á lækningastaðinn, skal eigandi inn an þriggja vikna skyldur að færa hann lækningamanni þeim, er næst býr. Ella skal hund drepa. Skylt er að drepa flökkuhunda.

5. gr.

Nú verður maður var við bandorma í hundi hjá sjer eða öðrum hreppsbúum í annan tíma en hinn fyrirskipaða lækningatíma, og skal hann þá tafarlaust skyldur að tilkynna það hreppsnefnd, sem svo sjer um, að hundur sá verði læknaður sem fyrst.

6. gr.

Hreppsnefnd skal hafa bók, löggilta af sýslumanni, og ber í hana að rita skrá yfir hundaeigendur í hreppnum og þess getið, hvort hundur hafi verið læknaður. Bók þessa skal hreppsnefndaroddviti sýna sýslumanni á manntalsþingi.

7. gr.

Sulli úr fje og hausa af höfuðsóttarkindum skal brenna eða grafa að minnsta kosti eina alin í jörð niður.

8. gr.

Vanræki hreppsnefnd eða lækningamenn lækningarskyldu sína, varðar það 5—10 króna sektum. Önnur brot móti reglugjörð þessari varða sektum frá 2—10 kr. Sektir renna í sýslusjóð.

* * *

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefnd Rangárvallasýslu á aðalfundi hennar 29. marz til 1. apríl 1897.

Skrifstofu Rangárvallasýslu, 12. apríl 1897.

Magnús Torfason.